



Heiðursreglugerðir Klifursambands Íslands

Uppkast lagt fram 24. október 2023, síðan yfirfarið og síðast leiðrétt þann 12. febrúar 2024.

1. Reglugerð um val á klifurfólki ársins hjá Klifursambandi Íslands

1.1 Markmið

Meginmarkmiðið með kosningu klifurfólks ársins er að heiðra og kynna framúrskarandi afreksíþróttafólk og afrek þeirra.

1.2 Fyrirkomulag

Heiðursnefnd Klifursambands Íslands undirbýr val á klifurfólki ársins. Nefndin fer ítarlega yfir gengi hvers og eins keppanda fyrir sig á liðnu ári. Tekið skal tillit til eftirfarandi þátta:

- Þátttöku í mótum
- Gengis á mótum (sæti)
- Stöðu á listum
- Fjölda iðkenda í hverri grein
- (Hugsanlega fleiri þátta, svo sem framgöngu á æfingum og keppnum, ef tilefni er til)

Á grundvelli þessa útbýr nefndin lista með tilnefningum fyrir tvær keppnisgreinar – annars vegar grjótglímu og hins vegar línuklifur – alls fjögur nöfn. Þau sem sitja stjórnarfund Klifursambands Íslands í byrjun desember greiða atkvæði út frá tilnefningunum og velja karlklifrara og kvenklifrara ársins.

1.3 Framkvæmd

Klifurfólk ársins fær afhentan farandgrip á þingi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands sem viðurkenningu á framúrskarandi árangri í klifuríþróttinni á viðkomandi ári. Upplýsingar um klifurfólk ársins eru varðveittar á heimasíðu Klifursambands Íslands.

2. Reglugerð um heiðursviðurkenningar Klifursambands Íslands

2.1 Markmið

Meginmarkmið með heiðursviðurkenningum Klifursambands Íslands er að heiðra og kynna

- (i) afreksíþróttafólk sem brotið hefur blað í sögu útiklifurs (grjótglímu og/eða línuklifurs) á Íslandi.
- (ii) einstaklinga sem um lengri tíma hafa unnið afburðagott starf fyrir klifur á Íslandi, svo sem íþróttafólk, umsjónar- og uppbyggingarfólk klifursvæða og klifuraðstöðu, íþróttapjálfa og aðra sem styðja við uppbyggingu klifurs á Íslandi.

2.2 Fyrirkomulag

(i) Heiðursnefnd Klifursambands Íslands fer yfir það árlega hvort og þá hvaða íþróttafólk hafi brotið blað í sögu útiklifurs á Íslandi, þ.e. klifrað leið (grjótglíma eða línuklifur) af hærri gráðu en áður héraðs eða erlendis, og þannig verið til hvatningar öðrum um að ná svipuðum eða enn betri árangri. Nefndin sendir tilnefningu til Klifursambands Íslands alla jafna í lok hvers árs, ef um slík afrek hefur verið að ræða á árinu og stjórn Klifursambands Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu viðurkenningar á næsta stjórnarfundum.

(ii) Aðildarfélög Klifursambands Íslands geta sent tilnefningu að veitingu heiðursviðurkenningar til stjórnar Klifursambands Íslands. Tilnefningu skal fylgja rökstuðningur (200-500 orð). Stjórnin fer yfir tilnefningar á næsta fundi og ákveður í kjölfarið hvort veita skuli heiðursviðurkenningu. Við valið tekur stjórnin tillit til eftirfarandi þátta:

- Hversu lengi viðkomandi hefur starfað að málefnum klifurs á Íslandi
- Umfang þess framúrskarandi starfs sem viðkomandi hefur stundað fyrir klifur á Íslandi
- Áhrif þess framúrskarandi starfs sem viðkomandi hefur stundað fyrir klifur á Íslandi

2.3 Framkvæmd

(i) Klifurfólk sem brotið hefur blað í sögu útiklifurs á Íslandi fær að gjöf merka karabínu á þingi (ársfundum) Klifursambands Íslands. Ef það er mögulegt er viðkomandi afreksfólk fengið til að segja frá klifurleiðinni (grjótglímupraut eða línuklifurleið) við afhendinguna. Ef það er ekki mögulegt verða afrek þeirra tíunduð í stuttri inngangsræðu. Lista yfir helstu áfanga í útiklifursögum er haldið til haga á heimasíðu Klifursambands Íslands.

(ii) Heiðursfélagar Klifursambands Íslands fá að gjöf blómvönd á þingi (ársfundi) Klifursambands Íslands og verða störf þeirra kynnt bæði í stuttri inngangsræðu á þinginu og varanlega á heimasíðu sambandsins.